

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið  
Sigríður Svana Helgadóttir  
Skuggasund 1  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 25. mars 2019  
2019030031/43-0

### Náttúruvættið Kaldárhraun og Gjárnar, hestagerði/áningarstaður milli Haks og Hraunbotna, undanþága

Vísað er til bréfs frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, dags. 12. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um erindi Hafnarfjarðarbæjar þar sem óskað er eftir að setja upp hestagerði/áningarstað milli Haks og Hraunbotna innan náttúruvættisins Kaldárhraun og Gjárnar, sbr. auglýsingu nr. 369/2009 í B-deild Stjórnartíðinda. Í greinargerð Hafnarfjarðarbæjar með erindinu kemur fram að til er deiliskipulag fyrir náttúruvættið en þar er ekki gert ráð fyrir hestagerðinu og hefur því ekki fengist leyfi fyrir því hjá Umhverfisstofnun. Stofnunin benti á að hægt væri að sækja um undanþágu sbr. 8. gr. fyrrgreindrar auglýsingar. Í greinargerð Hafnarfjarðarbæjar er annars vegar talað um viðgerð og viðhald og hins vegar að reisa nýtt hestagerði en ljóst er að svæðið hefur verið áningarstaður í einhvern tíma. Hafnarfjarðarbær telur framkvæmdina minniháttar og líklega ekki skipulagsskylda.

Eins og kemur fram í greinargerð Hafnarfjarðarbæjar þá er áningarstaðurinn innan framangreinds náttúruvættis og ljóst er að grípa þarf til aðgerða til að viðkomandi svæði traðkist ekki frekar út. Tveir kostir eru í stöðunni að mati Náttúrufræðistofnunar þ.e. að setja upp hestagerði á núverandi áningarstað og festa hann í sessi innan náttúruvættisins eða að færa áningarstaðinn. Verði síðari kosturinn valinn þarf væntanlega að loka núverandi stað svo hann verði ekki notaður áfram. Mjög nálægt áningarstaðnum, innan náttúruvættisins en við mörk þess, eru skipulögð bílastæði og þar hefur landi verið raskað.

Náttúrufræðistofnun tekur undir með Hafnarfjarðarbæ að ef fyrirhugað er að setja upp hestagerði svipað því og er við afleggjara upp í Kjóadal þá telur stofnunin það almennt minniháttar aðgerð og varla nauðsynlegt að gert sé sérstakt deiliskipulag að ákveðnum forsendum uppfylltum. Í 8. gr. auglýsingar nr. 369/2009 segir: „Umhverfisráðherra getur, að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og umhverfisnefndar Hafnarfjarðarkaupstaðar, veitt heimild til þess að vikið verði frá reglum þessum í einstökum tilfellum **gangi það ekki gegn markmiðum friðlýsingarinnar.**“ Náttúrufræðistofnun gengur út frá því að forsendur þess að undanþága hljóti að byggja á því að umsagnir Umhverfisstofnunar og Hafnarfjarðarkaupstaðar séu jákvæðar þ.e. að viðkomandi framkvæmd/hestagerði stangist ekki á við verndarmarkmið svæðisins og að það verði hluti að verndar- og stjórnunaráætlun náttúruvættisins og/eða deiliskipulags eftir því sem við á.



Náttúrufræðistofnun telur að það geti verið betri kostur að setja upp hestagerði í tengslum við bílastæði skammt frá núverandi áningarstað, jafnvel utan náttúruvættisins. Verði það gert mun raski innan friðlýsta svæðisins verða haldið í lágmarki og viðhald bílastæðis/hestagerðis verður á einum stað. Náttúrufræðistofnun telur þó að gerð hestagerðis/áningarstaðar á núverandi stað geti verið ásættanlegt að því tilskyldu að jarðmyndunum á viðkomandi svæði verði ekki raskað, að áningarstaðurinn stækki ekki frá því sem nú er og að öllum framkvæmdum verði haldið í lágmarki. Einnig þarf að koma fram í undanþágu, verði hún veitt, að hún sé ekki fordæmisgefandi. Skipuleggja þarf áningarstaði innan náttúruvættisins og gera öllum ljóst, í þessu tilfelli sérstaklega hestamönnum, að ekki sé hægt að velja sér áningarstaði að geðþótta og valda þannig raski á náttúru svæðisins, sem auk þess getur kallað á kostnaðarsamar aðgerðir eða að hefta þarf enn frekar umferð manna og hesta um náttúruvættið.

Virðingarfyllst



Trausti Baldursson  
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeild

